

## Reglur um námsstyrki til starfsmanna í leikskólum Hafnarfjarðar

### Markmið:

Markmið með þessum námsstyrkjum er að fjölga leikskólakennurum og stuðla að hærra menntunarstigi meðal starfsfólks í leikskólum Hafnarfjarðar. Tilgangurinn er að efla faglegt starf og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólum sveitarfélagsins.

### Skilyrði fyrir umsókn:

Starfsmaður skal hafa að lágmarki þriggja mánaða starfsreynslu í leikskóla í Hafnarfirði eða í öðru sveitarfélagi og vera að lágmarki í 50% starfshlutfalli. Starfsmaður þarf að sækja um styrk til náms á þar til gerðu eyðublaði í samvinnu við leikskólastjóra og hafa meðmæli hans. Endurnýja þarf samning árlega og skila umbeðnum gögnum.

### Þeir starfsmenn sem geta sótt um eru:

- Starfsmenn sem hyggjast hefja nám í leikskólakennarafræðum.
- Starfsmenn sem eru með annað háskólapróf og vilja hefja framhaldsnám í leikskólakennarafræðum, sem lýkur með leyfisbréfi leikskólakennara.
- Starfsmenn sem vilja hefja diplómanám í aðstoðarleikskólakennaranámi.
- Starfsmenn sem vilja hefja nám í leikskólalabru Borgarholtsskóla eða sambærilegu námi.

Þeir háskólamenntaðir starfsmenn sem vilja bæta við sig námi til að fá leyfisbréf sem leikskólakennarar eiga möguleika á því að sækja um styrk í Símenntunarsjóð annarra háskólamenntaðra starfsmanna í Félagi leikskólakennara.

Styrkur vegna skrásetningargjalda í háskólanám skal greiddur ef viðkomandi starfsmaður á þess ekki kost að fá styrk frá sínu stéttarfélagi. Greitt er gegn framvísun kvittana fyrir kostnaði. Styrkur til námsgagnakaupa á samningstíma er veittur til þeirra sem leggja stund á háskólanám til leikskólakennarafræða óháð námsleið allt að 25.000.-.

Kvittun vegna skólagjalda skal skila til þjónustuværs Hafnarfjarðar þar sem fram kemur nafn, kennitala og númer bankareiknings.

### 1. Starfsmenn í leikskólakennarafræðum

Starfsfólk í fjarnámi/staðnámi í leikskólakennarafræðum getur tekið launað leyfi í allt að sex vikur eða 30 daga á ári í allt að fimm ár vegna mætinga í náminu. Jafnframt fá starfsmenn 5% viðbótarstarfshlutfall á námstíma að því gefnu að þeir séu í hlutastarfi 50%-80% með námi, þ.e. ef starfsmaður er í 50% starfi þá fær hann 55% laun á meðan á náminu stendur á þeim forsendum að það séu gerðar til hans auknar faglegar kröfur.

## **2. Starfsmenn sem eru með annað háskólapróf og hefja framhaldsnám í leikskólakennarafræðum, sem lýkur með leyfisbréfi**

Starfsfólk sem er með annað háskólanám og fer í leikskólakennaranám til þess að öðlast leyfisbréf sem leikskólakennari getur tekið launað leyfi í allt að sex vikur eða 30 daga á ári vegna mætinga í námi.

## **3. Starfsmenn sem sækja diplómanám til aðstoðarleikskólakennara**

Starfsfólk sem er í diplómanámi til aðstoðarleikskólakennara getur tekið launað leyfi í allt að sex vikur eða 30 daga á ári í allt að þrjú ár vegna mætinga í náminu. Jafnframt fá starfsmenn 5% viðbótarstarfshlutfall á námstíma að því gefnu að þeir séu í 50%-80% hlutastarfi með námi, þ.e. ef starfsmaður er í 50% starfi þá fær hann 55% laun meðan á náminu stendur á þeim forsendum að það séu gerðar til hans auknar faglegar kröfur.

Starfsfólk sem stundar diplómanám til aðstoðarleikskólakennara sem starfar í leikskólum Hafnarfjarðar fær greidda eingreiðslu að upphæð 50.000 kr. fyrir hverja lokna námsönn (30 ECTS-einingar). Fjárveiting miðast við 20 einstaklinga að hámarki á ári og skulu nemendur stunda fullt nám og skila inn loknum einingum áður en greiðsla fer fram.

## **4. Starfsmenn í leikskólabró Borgarholtsskóla eða í sambærilegu námi**

Greidd eru skrásetningargjöld fyrir starfsmenn sem stunda nám í leikskólabró Borgarholtsskóla eða í sambærilegu viðbótarnámi til leikskólaliða. Námið er stundað utan vinnutíma. Fjárveiting miðast við 10 starfsmenn á ári. Skila skal inn kvittun fyrir greiðslu skrásetningargjalda áður en styrkur er greiddur.

### **Umsóknir**

Umsóknir um styrki skulu berast þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 15. júní ár hvert. Umsóknum skal skilað á viðeigandi eyðublaði. Þegar umsókn hefur verið samþykkt er gengið frá samningi við viðkomandi starfsmann. Við undirritun samnings þarf að liggja fyrir staðfesting frá viðkomandi skóla um námsvist, auk meðmæla frá leikskólastjóra í þeim leikskóla sem starfsmaður starfar í á meðan námi stendur.

Eftirfarandi gögnum þarf að skila með umsókn

- Umsóknareyðublað
- Meðmæli leikskólastjóra
- Staðfesting á skólavist þar sem fram kemur nafn og kennitala umsækjanda

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um námsstyrki á þeim forsendum sem hér eru upp talin:

- Stutt starfsreynsla, skemur en 3 mánuðir.
- Ófullnægjandi námsframvinda.
- Umsagnar leikskólakennara/leikskólastjóra.

### **Endurnýjun á styrkjum**

- Umsóknir um styrki og samninga skal endurnýja á hverju ári, það á einnig við um styrki vegna skráningargjalda.
- Starfsmenn þurfa að ljúka lágmarkskröfum um námsframvindu viðkomandi háskóla, miðað við hálf náms, eða sem samsvarar 30 ECTS-einingum (30 einingum) á hverju skólaári til að umsókn verði endurnýjuð á milli ára. Skila þarf staðfestingu viðkomandi háskóla þess efnis.

### **Annað**

- Ekki er hægt að vera samtímis í námsleyfi og á námssamning hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Miðast fjárveiting við stuðning til náms við 40 starfsmenn árlega í háskólanámi og 10 starfsmenn í leikskólabrú.
- Fjárveiting vegna námssamninga miðast við fjárveitingar ár hvert.
- Leikskólastjóri metur út frá stærð skóla og fjölda starfsmanna hvers skóla hversu margir starfsmenn geta stundað nám á sama tíma. Leikskólastjóri og starfsmaður skipuleggja viðveru starfsmanns og hefur leikskólastjóri heimild til að óska eftir því að starf með börnum gangi fyrir tímasókn ef sérstakar aðstæður í leikskólanum kalla á slíkt.

Samþykkt á fundi fræðsluráði 2. febrúar 2022.